

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 248/2022

2023/EES/31/21

frá 23. september 2022

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1118 frá 26. mars 2021 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreind er aðferðin sem skilastjórnvöld munu nota til að meta kröfuna sem um getur í 104. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB og samanlagða kröfu um eiginfjáruka fyrir skilaeiningar á samstæðustigi skilasamstæðu ef skilasamstæðan fellur ekki undir þær kröfur samkvæmt þeirri tilskipun ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1340 frá 22. apríl 2021 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir ákvörðun á innihaldi samningsskilmála um viðurkenningu á heimildum til að fresta skilameðferð ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/622 frá 15. apríl 2021 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar samræmd skýrslusniðmát, fyrirmæli og aðferðafræði um hvernig gefa eigi skýrslu um lágmarkskröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar ⁽³⁾.
- 4) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/622 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/308 ⁽⁴⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 5) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

IX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 19bl (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/308):

„**32021 R 0622**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/622 frá 15. apríl 2021 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar samræmd skýrslusniðmát, fyrirmæli og aðferðafræði um hvernig gefa eigi skýrslu um lágmarkskröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (Stjútíð. ESB L 131, 16.4.2021, bls. 123).“

2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 19bp (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/348):

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 241, 8.7.2021, bls. 1.
⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 292, 16.8.2021, bls. 1.
⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 131, 16.4.2021, bls. 123.
⁽⁴⁾ Stjútíð. ESB L 60, 2.3.2018, bls. 7.

„19bq. **32021 R 1118**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1118 frá 26. mars 2021 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreind er aðferðin sem skilastjórnvöld munu nota til að meta kröfuna sem um getur í 104. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB og samanlagða kröfu um eiginfjáruka fyrir skilaeiningar á samstæðustigi skilasamstæðu ef skilasamstæðan fellur ekki undir þær kröfur samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtið. ESB L 241, 8.7.2021, bls. 1).

19br. **32021 R 1340**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1340 frá 22. apríl 2021 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir ákvörðun á innihaldi samningsskilmála um viðurkenningu á heimildum til að fresta skilameðferð (Stjtið. ESB L 292, 16.8.2021, bls. 1).“

2. gr.

Texti framseldra reglugerða (ESB) 2021/1118, (ESB) 2021/1340 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/622, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2022 frá 29. apríl 2022 (°), eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(°) Stjtið. ESB L 246, 22.9.2022, bls. 105 og EES-viðbætur nr. 61, 22.9.2022, bls. 105.